

Vinnureglur Leiklistarráðs

1. Leiklistarráð starfar skv. 14. grein leiklistarlaga nr. 138 frá 1998.
2. Leiklistarráð kappkostar að stuðla að nýsköpun og fjölbreytileika í sviðslistum.
3. Leiklistarráð gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um styrki til einstakra verkefna auk starfssamninga við sviðslistahópa og óstofnanabundin leikhús til lengri tíma. Skiptihlutfall ræðst af umsóknum á hverjum tíma.
4. Auglýst er eftir umsóknum um starfssamninga og styrki í september ár hvert.
5. Umsóknarfrestur kemur fram í auglýsingu.
6. Úthlutun verkefnastyrkja og veiting starfslauna skal lokið fyrir 1. mars þar á eftir. Gerð starfssamninga er ekki bundin við dagsetningar.
7. Umsókn skal vera tæmandi og skýr og henni skal fylgja raunhæf kostnaðaráætlun. Umsókn með augljósa vankanta verður vísað frá og ekki tekin til greina.
8. Leiklistarráð áskilur sér rétt til að kalla eftir frekari upplýsingum vegna umsóknar ef nauðsyn krefur.
9. Við ákvarðanir um styrkveitingar til einstakra verkefna skal miðað við framlag sem nemur að minnsta kosti 50% af uppsetningarkostnaði verkefnisins eins og hann er samkvæmt umsókn.
10. Styrkir skulu greiddir út í þrennu lagi. Í upphafi æfingatímabils/verkefnis, um miðbik þess og að lokinni frumsýningu.
11. Styrkþegar skulu nýta styrki sína innan 14 mánaða frá úthlutun. Geri þeir það ekki innan umræddra tímamarka eða gefa ekki ásættanlegar skýringar á töfum verkefnisins, skal styrkur dreginn til baka.
12. Styrkþegi skal skila uppgjöri vegna sýningar/verkefnis eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok þess. Í uppgjörinu skal tiltaka allan kostnað og tekjur af sýningunni. Við gerð starfssamninga skal samið sérstaklega um slík uppgjör.
13. Hafi umsækjandi áður hlotið styrk skal umsókn hans því aðeins tekin til umfjöllunar að hann hafi skilað fullnægjandi uppgjöri vegna eldri verkefna sbr. grein 12.
14. Farið verður með allar umsóknir og uppgjör sem trúnaðarmál.